

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 25. nóvember 2021
UST202011-134/F.T.
08.12.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 16. nóvember 2020 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldi Laxa fiskeldi ehf. að Bakka Ölfusi þann 24. júní sl.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Grein 1.1 í starfsleyfi.** Ársframleiðsla 2019 var 139 tonn en starfsleyfið veitti heimild upp að 20 tonna framleiðslu á ári. **Vert er að taka fram að Umhverfisstofnun skráði umrætt frávik í eftirliti hjá rekstraraðila fyrst árið 2018. Rekstraraðili lagði í kjölfarið fram áætlun um úrbætur, sú ætlun hafði ekki gengið eftir heldur hafði framleiðsla rekstraraðila aukist síðan þá. Rekstraraðili hafði starfað umfram heimild þágildandi starfsleyfis í amk. 3 ár án viðeigandi úrbóta. Stofnunin hefur gengið á eftir því að bætt verði úr frávikinu.**

Umhverfisstofnun tók þann 12. febrúar 2021 ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir Laxa Fiskeldi ehf. að Bakka 1 fyrir landeldi með 100 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma og 100 tonna ársframleiðslu. Í september 2021 var leyfinu breytt á þann hátt að einungis er mælt fyrir um 100 tonna lífmassa á hverjum tíma. **Frávikinu telst því lokið.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 92.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur